

Í Kátakoti er:

- Frjáls leikur
- Föndur
- Heimilislegt andrúmsloft
- Hvíld
- Síðdegishressing
- Spil
- Sveigjanleg þjónusta
- Tómstundir
- Útivera

Mjög mikilvægt er að foreldrar láti vita ef breyting verður á viðveru barna í Kátakoti frá degi til dags.



Starfsmenn **Kátakots** eru;
*Sigurbjörg Karen Hákonardóttir,
Ása Mjöll Þorbergsdóttir
Dragoljub Nikoletic,
Heiða Vilborg Sigurbjörnsdóttir
Jóhanna S. Sigurbjörnsdóttir
Ólöf Ósk Garðarsdóttir
Senida Mujkic*

Beinir símar í Kátakot:
1. og 2. bekkur **470 8448**.
3. og 4. bekkur **470 8447**
Nánari upplýsingar og skráning í
Grunnskólanum í síma 470 8400, 470 8448.
gs.hornafjordur.is

Kátakot fyrir 1. og 2. bekk er til húsa bak við
Hafnarskóla og auðveldasta aðkoman er frá
Bogaslóðinni.

3. og 4. bekkur er til húsa í kjallara Vöruhúss og
er inngangurinn af bílastæðinu við Svalbarð.

Kátakot



**Frístund
fyrir nemendur
í 1.- 4. bekk.**

**Opnunartími
13:10 - 16:00
alla virka daga á
skóladögum
nemenda.**



Dagur í Kátakoti

Í Kátakoti er ýmislegt gert sér til skemmtunar. Fyrst og fremst er lögð áhersla á að öllum líði vel og að viðmótið sé afslappað og heimilislegt.

Eftir langan og oft strangan vinnudag er mikilvægt að börnin fái leiktíma þar sem þau skipuleggja tíma sinn að mestu sjálf í gegnum val á verkefnum en starfsmenn sjá um að hafa alltaf spennandi valkosti í boði.

Börnunum gefst alltaf kostur á útiveru og er aðstaða til útileikja góð. Við skólann er aparóla, kastali, trampólín og fleiri leiktæki ásamt svæðum þar sem hægt er að fara í allskonar boltaleiki. Innandyrá geta börnin valið um fjölbreytt viðfangsefni í leik og starfi.

Starfsmenn standa reglulega fyrir spennandi upptökum s.s. heimsóknum á áhugaverða staði, gönguferðum, útileikjum, hinum sívinsælu

Í Kátakoti gilda sömu samskiptareglur og í skólanum. Við erum góð hvert við annað, berum virðingu hvert fyrir öðru og leyfum öllum að vera með.

Ef eitthvað kemur upp á hjá barni hafa starfsmenn samband við heimili.



Á meðan börnin eru í Kátakoti geta þau sótt tíma í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla en fara þá ein á milli húsa.

Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn Kátakots vita í hvaða tómstundir barnið á að fara og láti vita þegar breytingar eiga sér stað.

Gjaldskrá

Verð til 31. ágúst 2021

1 dagur í viku	kr. 2.236
2 dagar í viku	kr. 4.362
3 dagar í viku	kr. 6.385
4 dagar í viku	kr. 8.301
5 dagar í viku	kr. 10.109

Verðið miðast við fjölda daga í hverjum mánuði, það er bundið vísitölu og er uppreiknað 1. ágúst ár hvert. Síðdegishressing **115 kr. á dag** er ekki innifalinn í gjaldskrá.

Systkinaafsláttur fyrir annað barn er 50% og 100% afsláttur fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir milli skólastiga þannig að foreldrar sem eiga börn á leikskóla fá afslátt í Kátakoti.

Ef breyta á vistun skal það gert fyrir 20. hvers mánaðar.

